



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
við opnun sýningar á verkum
glerlistamannsins Chihuly
Kjarvalsstöðum
14. apríl 2000**

Heiðruðu sýningargestir

Við erum hér samankomin til að fagna mikilhæfum listamanni og verkum áfanga í sögu glerlistar á Íslandi.

Við þekkjum öll hvernig börn sjá í einföldu ljósbroti glersins töframátt sem breytir hversdagsstund í hátíðarvöku. Glerið hefur svo sannarlega verið um aldir manningum bæði til gagns og gleði. Samt er skammt síðan að glerlistarmenn náðu fullu valdi á þeirri tækni sem leysir sköpunarkraftinn algerlega úr læðingi.

Chihuly er í fremstu röð þeirra snillinga sem skapað hafa undraverk með litadýrð glersins og leik að formi, stærð og áferð; verk sem orðið hafa uppspretta nýrrar sýnar á listina sjálfa.

Við sjáum í verkum Chihuly töfraheim. Listamaðurinn leiðir okkur á nýjar brautir og skapar úr glerinu gripi sem bæta nýjum víddum við skilning okkar á fegurð ljóss og lita, forms og fágunar.

Líkt og Picasso breytti málverkinu og Mozart tónlistinni er Chihuly um þessar mundir að umskapa glerlistina og áhrifa hans gætir nú þegar um veröld víða.

Það er því einstakt fagnaðarefni að hann skuli hafa þegið boðið um að koma með sýningu til Íslands og vil ég sérstaklega þakka Eiríki Þorláksson forstöðumanni Kjarvalsstaða fyrir framtak hans og framgöngu alla í aðdraganda þessarar sýningar sem og öllum þeim sem hér hafa lagt hönd að verki.

Sú ákvörðun að heiðra minningu Guðrúnar Katrínar með sýningu á verkum Chihuly á Íslandi snart okkur í fjölskyldunni afar djúpt. Guðrún Katrín var mikill unnandi íslenskrar glerlistar og beitti sér fyrir því að verk glerlistarfólks voru valin þegar við hjónin gáfum erlendum þjóðhöfðingjum góðar gjafir og einnig við sérstök tækifæri þegar við heiðruðum vini Íslands og góða gesti. Hún sá í glerlistinni samfléttu íslenskra áhrifa og alþjóðlegra strauma og naut þess mjög að fylgjast með nýjungum hér heima og erlendis.

Við sáum fyrst verk eftir Chihuly á heimili vina okkar á Indlandi þar sem það var eins og tær tónn í mikilli hljómkviðu listmuna sem margir áttur sér aldalanga sögu. Í dvöl okkar í Seattle var það Guðrúnu Katrínu oft tilhlökkun í glímunni við hin erfiðu veikindi að geta þegar batinn kæmi sótt listamanninn heim á hina mikla verkstofu hans í borginni. Sú ósk rættist ekki en hingað er komin sýning Chihulys sem helguð er minningunni um Guðrúnu Katrínu. Sá heiður er okkur kærari en orð geta lýst.

I profoundly thank Chihuly and his cooperators for bringing these work to Iceland and for the honour shown my late wife Guðrún Katrín by dedicating this wonderful exhibition to her memory. The symphony of colours and forms which you have created here at Kjarvalsstaðir reminds us of the music which filled her soul, her joy in life and her love of art and creation. You have given us a gift which we will treasure forever.

Our friends George and Jane Russell, who taught us so much about Chihuly's art and who remained with us during those difficult and tragic months in Seattle have through their generosity made this exhibition possible and today we bring them our thanks and profound respect.

Það var oft sem við Guðrún Katrín glöddumst og nutum góðra stunda á sýningum hér á Kjarvalsstöðum; í húsinu sem Hannes mágur hennar teiknaði, húsinu sem sameinaði stolt hans og hæfni og hefur á margbreytilegan hátt kynnt okkur nýjungar í listsköpun, Íslendinga og einnig góðra gesta.

Það hefði orðið Guðrúnu Katrínu einkar kært að fagna verkum Chihulys í þessu húsi og veita mörgum þannig nýja sýn á glerlistina. Við fögnum hér í dag í hennar anda og njótum verka Chihulys með þeirri lífsgleði sem svo samgróin var Guðrúnu Katrínu, eðli hennar og persónu allri.

Ég færi Chihuly, Kjarvalsstöðum, vinum okkar Russell hjónunum og öllum þeim sem komið hafa að þessari sýningu einlæggar þakkir mínar og fjölskyldunnar allrar og lýsi sýningu á verkum Chihuly formlega opnaða.